

Kennsluáætlun skólaárið 2019-2020

Stærðfræði í 5. bekk

Í stærðfræði eru 6 kennslustundir á viku í 5. bekk. Kennari er Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen.

Vinnulag

Nemendur vinna einstaklingslega í áformi sem þeir fá fyrir hvern námshluta og bera ábyrgð á því að fylgja áætlun sem þeir fá. Nái þeir ekki að halda áætlun í skólanum þurfa þeir að vinna heima. Einnig er unnið í ýmsum öðrum aukaverkefnum, í Ipad og tölvum, PALS og fást við hlutbundna vinnu með áþreifanlegum hjálpartækjum.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: heilar tölur, tölfræði, tugabrot og rúmfræði. Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: mælingar, almenn brot, margföldun og deiling og mynstur.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Tölur og algebra	Stika 1a og 1b, nemenda- og æfingahefti PALS Osmo	Nemandi getur ... - þekkt negatífar tölur þar sem áhersla er á talnalínuna og geta reiknað einföld dæmi með negatífum tölum. - þekkt sætiskerfið, getur skipt tölum í einingar, tugi, hundruð o.s.frv. - skilið hvernig sætiskerfið er víkkað út til að ná yfir tíundu hluta og hundraðshluta.	Kaflapróf Tímaverkefni

		• þekkt almenn brot sem hluta af heild þar sem heildin getur verið safn, lengd eða mynd. • fundið hluta þegar heildin er gefin og geta fundið heildina þegar hluti er gefinn. • þekkt hugtökin teljari og nefnari, geta borið saman almenn brot og fundið jafn stór brot. • lýst tengslum milli tíundu hluta sem tugabrota og sem almennra brota. • lagt saman og dregið frá með samnefndum brotum. • leyst samlagningar- og frádráttardæmi með þriggja stafa og fjögurra stafa tölum og með tugabrotum, á talnalínu, í huganum og skriflega, m.a. með hefðbundnum reikningsaðferðum. • námundað tölur að næsta tug og hundraði og notað það við slumpreikning. • notað hjálpargögn við útreikninga • notað reikningsaðgerðirnar fjórar við hversdagslegar aðstæður, t.d. við kaup og sölu. • þekkt tengsl margföldunar og deilingar og jafnframt tengsl þessara reikningsaðgerða við endurtekna samlagningu og endurtekinn frádrátt. • þekkt margföldun sem endurtekna samlagningu og margföldun í rúðuneti og þekkja deiling bæði sem jafna skiptingu og endurtekinn frádrátt. • þróað og notað einfaldar reikningsaðferðir í margföldun og deilingu með heilum þriggja og fjögurra stafa tölum. • búið til einfaldar formúlur í töflureikni • kannað lýst og þannig ályktað út frá einföldum talnamynstrum, m.a. talnarunum þar sem tölurnar ýmist hækka eða lækka um jafn mikið með hverri tölu, talnarunum með feringstöllum, þríhyrningstöllum og öðrum slíkum tölum	
--	--	---	--

		• raðað tugabrotum í rétta sætisröð. • unnið með tíundahluta og hundraðshluta á réttan hátt.	
Rúmfræði	Stika 1a og 1b, nemenda- og æfingahefti Osmo	Nemandi getur ... • þekkt helstu þríhyrninga og ferhyrninga, kannað eiginleika og einkenni þessara forma, m.a. horn, lengdir og hornasummu mismunandi marghyrninga. • gefið dæmi um hvernig rúmfræðiform birtast við ýmsar aðstæður hins daglega lífs og í tengslum við margvísleg menningarfyrirbæri. • þekkt hugtök eins og línu, strik og kúrfu. • hliðrað speglað og snúið myndum • notað gráðuboga til að mæla horn. • þekkt helstu horn (45°, 90°, 180°) og geta sýnt fram á að um slík horn sé að ræða, getað notað hugtök eins og hvöss, rétt og gleið horn. • lýst einföldum mynstrum og búið þau til með því að hliðra eða snúa formi eða mynd.	Kaflapróf Tímaverkefni
Mælingar	Stika 1b, nemenda- og æfingahefti	Nemandi getur ... • mælt og reiknað ummál marghyrninga. • valið viðeigandi mælingar og breytt einni mælieiningu í aðra, t.d. mm, cm, dm, m og km, svo og dl og l. • skilið hvað flatarmál er og hvernig það er fundið skilið tengsl milli lengdar, breiddar og flatarmáls rétthyrninga og geta reiknað út flatarmál þríhyrninga. • notað mælitæki til að reikna út stærðir, til að stækka myndir og minnka.	Kaflapróf Tímaverkefni

Tölfræði og líkindi	Stika 1a, nemenda- og æfingahefti.	Nemandi getur ... • gert ýmsar kannanir sem byggjast á spurningalistum, mismunandi mælieiningum og talningu. • flokkað og sett fram upplýsingar, sem safnað hefur verið, á skipulegan hátt og kynnt þær í myndritum. • lýst helstu niðurstöðum gagna með miðgildi og tíðasta gildi • notað stafræn hjálpartæki við tölfræðilegar kannanir.	Kaflapróf Tímaverkefni

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen